

Kennsluáætlun

Námsgrein: Hönnun og smíði

Bekkur: 1. Bekkur

Kennari: Ýr Káradóttir

Tímabil	Skólaárið 2023-2024
Tímafjöldi	Kennt í lotum, 4x tímar í viku (40 mín kennslustundir) í ca. 12 vikur
Námsgögn	Námsefni frá kennara
Fyrirkomulag	Hópinnlögn, verklegar æfingar, bein kennsla, fræðslumyndir
Námsmat	Leiðsagnarmat, stöðumat við lok lotu
Hæfniviðmið	<ul style="list-style-type: none">Nemandi er virkur í tímum, tekur tillit til annarra og gengur vel um stofuNemandi sýnir frumkvæði og sjálfstæðiNemandi getur lært að vinna í hóp og taka tillit til annarraNemandi vandar vel til frágangs verkefna

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar

Viðfangsefni	Verkefni	Efniviður
1: Stofureglur	Skólareglur kynntar Útivera ef að veður leyfir annars samvinnuverkefni þar sem nemendur teikna saman mynd með tússpenna og spottum <i>Áætlaður tími: 2 kennslustundir</i>	Tússpennar Spottar Blöð
2: Bókamerki	Fara út og safna efnivið fyrir bókamerki, safna í leiðinni greinum fyrir óróa (unninn seinna) Byrja á því að skrifa nafnið sitt aftan á bókamerkið (nafn og 1. bekkur) Nemendur líma síðan nokkur laufblöð/blóm á bókamerkið og fá líka að velja eina litla klippimynd sem kennari útvegar . Þegar búíð er að líma eiga nemendur að nota tússliti og skreyta restina af bókamerkinu. <i>Áætlaður tími: 4 kennslustundir</i>	Karton sem búíð er að skera í rétta stærð Tímarit Efniviður að utan Skæri og lím Tússlitir Bókaplast
3: Dýr/Vera búin til úr steinum	Byrjum á að skoða saman myndir af dýramunstrum Leikur: Tengja saman mynstur og dýr (ljósrituð blöð í möppu / sjá stofu 107) Nemendur velja sér steina frá kennara og mála í einum lit. Seinna skreyta þeir steinana með Lyra Mark teiknipennum. Að	Lyra Mark teiknipennar Steinar Mynstur-dýrablöð (stofa 107) Hvít blað Olíu-pastel (klessulitir)

	<p>lokum mega nemendur líma augu á steininn og búa til munn ef þeir vilja. Þegar allir steinarnir eru tilbúnir fer kennari út með nemendum og tekur mynd af steininum þeirra úti í náttúrunni.</p> <p>Nemendur fá síðan útprentaðar myndir af steininum sínum og eiga að teikna mynd eftir henni.</p> <p><i>Áætlaður tími: 6 kennslustundir</i></p>	
4: Kíkir úr hólkum	<p>Nemendur fá tvær klósettpappírsrúllur sem þeir skreyta með tússlitum. Kennari límir rúllurnar saman og gerir göt í enda fyrir band sem fer utanum hálsinn. Nemendur velja sér band og reyna að binda sjálfir.</p> <p><i>Áætlaður tími: 4 kennslustundir</i></p>	<p>Klósettrúllur Tússlitir Gatari Lituð blöð Skæri og lím</p>
5: Tilraun - Salt eldfjall	<p>Salt eldfjall - tilraun Vatni er hellt í krukku og matarlit bætt við (líka hægt að gera það í endann og sjá mismunandi útkomur). Hella olíu út í, ekki blanda saman. Strá salti yfir og sjá hvað gerist. Nánar um tilraun hér: https://www.whatdowedoallday.com/salt-volcano/</p> <p>Að lokum er mynd teiknuð eftir tilrauninni</p> <p><i>Áætlaður tími: 2 kennslustundir</i></p>	<p>Krukkur m. vatni í Olía Salt Matarlitur Svört blöð Neocolor litir</p>
6: Fjár sjóðskista úr endurunnu efni	<p>Fjár sjóðskista úr endurunnu efni. Nemendur mála ískassa í brúnum lit og skreyta síðan með skrautperlum og öðru endurunnu efni frá kennara.</p> <p><i>Áætlaður tími: 4 kennslustundir</i></p>	<p>Ískassar Málning Skrautperlur osf. Lím</p>
7: Miró - órói	<p>Nemendur fá grein hjá kennara sem þeir vefja mismunandi lituðu garni í kringum. Kennari sýnir nemendur verk eftir listamanninn Miró sem er innblástur fyrir skraut í óróann. Nemendur búa til skraut með því að klippa út búta úr lituðum blöðum sem þeir hafa klippt út eftir skapalóni frá kennara. Sjá: https://darcymillerdesigns.com/ideas/artist-mobile-craft/</p> <p><i>Áætlaður tími: 4-6 kennslustundir</i></p>	<p>Greinar Garn Spotti Miró – skapalón frá kennara Lituð blöð Límstifti</p>
8: Reimar og skór	<p>Nemendur fá skó úr pappa hjá kennara sem þeir skreyta. Skoðum saman mismunandi skó og pælum í hvernig skór eru hannaðar. Nemendur fá að lokum reimar hjá kennara sem sýnir þeim hvernig á að reima skóna</p>	<p>Pappi Spottar fyrir reimar Tússlitir</p>

	<i>Áætlaður tími: 4 kennslustundir</i>	
9: Býflugur og býflugnabú úr endurunnu efni	<p>Býflugur og býflugnabú úr endurunnu efni.</p> <p>Kennari skoðar myndir af býflugum með nemendum og ræðir um mikilvægi býflugna í vistkerfinu okkar. Nemendur mála sælgætiskassa eins og býflugnabú og útbúa síðan býflugur úr sokkum.</p> <p><i>Áætlaður tími: 4-6 kennslustundir</i></p>	<p>Sælgætiskassar Málning Sokkar Pípuhreinsari Augu Efni fyrir vængi</p>
10: Sniglar úr leir	<p>Kennari skoðar myndir af sniglum með nemendum. Nemendur búa til snigla úr sjálfharnandi leir. Kenna þeim að rúlla út lengjur og útbúa „skelina“ úr þeim.</p> <p>Sjá: https://thecleverfeather.blogspot.com/2011/02/clay-snails-2nd-grade_21.html</p>	<p>Sjálfharnandi leir Málning</p>